



YFIRMENN ELDHÚSA HEILBRIGÐISSTOFNANA Á ÍSLANDI

Stofnun og starfsemi !





Tilgangurinn með þessum bæklingi er að kynna starfsemi félags yfirmanna eldhúsa heilbrigðisstofnana á Íslandi. Félagið var stofnað 1998 og nær nú til flestra stofnana innan heilbrigðiskerfisins. Félagatalið samanstendur af um 65 einstaklingum í dag. Í félaginu er fólk af öllu landinu með mismunandi menntun og bakgrunn.

Félag yfirmanna eldhúsa heilbrigðisstofnana á Íslandi fjallar um faglega þætti í eldhúsum

heilbrigðisstofnana. T.d. á sviði menntunar, endurmenntunar, námskeiðahalds, innkaupa, þróunar, matseðlagerðar, birgðahalds og gæðastjórnunar, og er haft að markmiði að efla samvinnu meðal eldhúsa heilbrigðisstofnana.

Á hverju hausti er haldið þing. Annað hvert ár á höfuðborgarsvæðinu og er í tengslum við sýninguna „Stóreldhús“. Hitt árið er þingið haldið úti á landi og hefur verið á ýmsum stöðum t.d. Akureyri, Egi lstöðum, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Geysi í Haukadale og Hveragerði svo eitthvað sé nefnt.

Eftir aðalfund félagsins erum við með á dagskrá fræðsluerindi þar sem við fáum bestu fagmenn landsins í t.d. næringarfræði, lýðheilsumálum og fólk með sérfræðimenntun á því sviði sem á við í okkar starfi sem yfirmenn í eldhúsum á heilbrigðisstofnunum. Einnig er farið í vettvangsheimsóknir í matvælafyrirtæki og stofnanir svo eitthvað sé nefnt og svo er sýningin „Stóreldhúsið“ skoðuð þegar hún er í gangi, en þar hittum við birgja, sölumenn og aðra sérfræðinga í okkar geira.

Að standa fyrir þingi sem þessu á hverju ári er líka stór þáttur í því að fólk nái að kynnast innbyrðis og að blandað sé saman fróðleik og skemmtun. Það hefur sýnt sig að þetta kemur sér sérstaklega vel út fyrir þá sem starfa á litlum stöðum nokkuð einangrað úti á landsbyggðinni. Ef einhverja vitneskju vantar þá er mun einfaldara að hringja í einhvern sem maður er búinn að kynnst persónulega. Tilgangurinn er jú sá að miðla fróðleik og upplýsingum milli félagsmanna.

Félagið heldur úti heimasíðu <https://yehi.is/með> fróðleik og upplýsingum og þar geta félagsmenn og forstöðumenn allra heilbrigðisstofnana á Íslandi o.fl. kynnt sér félagið betur og aflað upplýsinga. Heimasíðan gefur félaginu auglýsingatekjur sem notaðar eru til að efla enn frekari fræðslu og námskeiðahald fyrir félagsmenn. Miðað við þær undirtektir sem félagið hefur fengið frá félagsmönnum og öðrum velunnurum til þessa teljum við að starfsemi og tilgangur félagsins sé búinn að sanna sig og sé til hagsbóta fyrir alla aðila og stofnanir er hafa hagsmuna að gæta.

Bestu kveðjur

Stjórn og félagsmenn YEHÍ.



LINDSAY

Þykkvabæjar

Garri

Garri

Matvara – umbúðir – hreinlæti

Hádegismóar 1, 110 Reykjavík

garri.is